

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við
útgáfuhóf Sagnfræðistofnunar, bókaútgáfunnar Skruddu og
höfunda verks um sögu utanlandsverslunar Íslands. Haldið á Litla-
Torgi fimmtudaginn 2. nóvember 2017 kl. 17.00**

Forseti Íslands, góðir gestir.

Ljóst er að sú staðreynd að Ísland er eyland fjarri öðrum löndum hefur haft veruleg áhrif á mannlíf og menningu og hvern veg íslenskt samfélag hefur þroskast og þróast. Tengsl við útlönd hafa allt frá landnámi verið mikil þótt í aldanna rás hafi á stundum orðið þar hlé á vegna aðstæðna innanlands sem settu mark sitt á lífskjör og mannlíf almennt. Og ekki fer á milli mála að verslun við útlönd hefur um margt mótað samfélagið frá fyrstu tíð. Saga þessi er rakin ítarlega í þessu glæsilega tveggja binda riti, **Líftaug landsins. Saga íslenskrar utanlandsverslunar 900-2010**, sem við fögnum útgáfu hér í dag.

Höfundar ritsins eru allir starfsmenn eða fyrrverandi starfsmenn Háskóla Íslands, sagnfræðingarnir Anna Agnarsdóttir prófessor emeritus, Gísli Gunnarsson, prófessor emeritus, Guðmundur Jónsson prófessor, Helgi Skúli Kjartansson prófessor, Helgi Þorláksson prófessor emeritus og Halldór Bjarnason aðjúnkt, sem lést árið 2010. Ritstjóri er Sumarliði R. Ísleifsson lektor.

Í verkinu er fjallað um hlutdeild og áhrif íslenskrar utanlandsverslunar á þróun íslensks samfélags og margvíslegar breytingar sem urðu og orðið hafa – til góðs eða ills – frá fyrstu tíð til okkar daga. Eðli máls samkvæmt er fengist við ýmsar áleitnar sagnfræðilegar spurningar og rýnt í samhengi þeirra. Næst okkur í tíma og væntanlega í minni okkar eru áhrif efnahagskreppunnar sem byrjaði 2008 á verslun, svo nokkuð sé nefnt.

Hlutverk sagnfræðinnar er ekki einungis að leitast við að rekja söguna í tímaröð, heldur öllu fremur að rannsaka samfélagið og þróun þess, leitast við að leggja hlutlægt mat á heimildir og áhrif einstakra viðburða á framvindu samfélags og menningar og samhengi þeirra. Mikilvægur tilgangur í því efni er að draga lærdóma af liðinni tíð og auka við þekkingu okkar í þeirri viðleitni að gera æ betur.

Sagnfræði er gríðarlega mikilvæg grein innan Háskóla Íslands og eftir því er tekið hversu öflugir og mikilvirkir sagnfræðingar skólans eru.

Í inngangi Helga Þorlákssonar að ritinu kemur fram að einn helsti hvatinn að verkinu hafi verið að kanna viðhorf til verslunar sem ríkt hafi með Íslendingum svo kynslóðum skiptir. Rekja megi upphaf þess til umræðna í stjórn Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands árið 1998 og var hugmyndin þá að stofnunin gæfi út fyrirliggjandi doktorsritgerðir sagnfræðikennara – helst á ensku – sem áttu það sameiginlegt að fjalla um utanlandsverslun að miklu eða öllu leyti. Horfið var frá því og varð það niðurstaðan að mest af því efni sem nú birtist lesendum er tekið saman sérstaklega fyrir þetta glæsilega ritverk.

Góðir gestir. Ég óska höfundum og öllum þeim er komu að undirbúningi verksins innilega til hamingju með þetta stórvirki þar sem í fyrsta sinn er rakin heildarsaga íslenskrar utanlandsverslunar frá landnámi til okkar daga í senn með lifandi frásögn og myndum.

Takk fyrir.